



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

## Fundargerð Skólanefnd

### 7. fundur

Skólanefndarfundur haldin í Reykjahlíðarskóla 9. maí 2011

Mætt: Þuríður Helgadóttir, Friðrik Jakobsson, Þórhalla Valgeirsdóttir, Eyþór Pétursson, Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara, Sigríður Sigmundsdóttir fulltrúi foreldra og Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla. Sigurður Böðvarsson var fjarverandi vegna veikinda og varamaður hans komst ekki.

#### 1. Fundarsetning.

Formaður setti fund og bauð fundaramenn velkomna. Formaður ritar fundargerð.

#### 2. Lengd viðvera í skóla

Lengd viðvera 1-7 bekkjar. Formaður kynnti að sveitastjórn hefði tekið vel í að skoða lengda viðveru 1.-7. bekkjar næsta vetur. Sagði hún frá því að hún, Sólveig og Friðrik hefðu hist tvisvar og kannað málin. Sólveig gerði grein fyrir því sem lýtur að lögum og reglum um lengda viðveru og skólaakstur. Samkvæmt því sem lesa má úr lögum og reglum má biðtími og keyrsla nemenda ekki vera lengur að meðaltali en 120mín á dag. Sólveig greindi frá því að vegna vitneskju sinnar um að skólar væru með eina heimkeyrslu hefði hún sent inn fyrirspurn til ráðuneytisins um hvernig bæri að túlka þessi orð. Fundaramenn sögðu frá og vissu um nokkra skóla þar sem aðeins er um eina heimkeyrslu að ræða og skiplögð er lengd viðvera yngri barna fram að skólalokum þeirra elstu. Umræður urðu um málið og rætt um hvort ætti að leggja það til að sleppa alveg fyrri akstri eða halda honum inni. Einnig var rætt hvort ætti að hafa tvær heimkeyrslur á mánudegi en ekki öðrum dögum vikunnar. Nefndin varð sammála um að leggja ekki til neinar breytingar, frá þeirri tillögu sem skólastjóri lagði til fyrr í vetur, á skólaakstri næsta vetrar. Nefndir varð sammála um að ef ráðuneytið teldi að það væri lagalegur grundvöllur fyrir einni heimferð og að ef rúmlega helmingur nemenda í 1.-7. bekk nýtti sér þjónustu um lengda viðveru næsta vetur, muni nefndin leggja til að farin verði ein heimferð á dag skólaárið 1012-1013. Skólanefnd leggur til að gerð verði tilraun með að bjóða uppá lengda viðveru fyrir

nemendur 1.-7.bekkjara Reykjahlíðarskóla næsta vetur, gjaldfrjálst. Viðveran verði í umsjón skólustjóra Reykjahlíðarskóla, frá lokum kennslu til 16:30 alla daga. Nefndin leggur til að viðveran sé byndandi fyrir þá sem í hana eru skráðir, mánuð í senn.

Sólveig og Auður viku af fundi og Þóra Ottósdóttir kom inn á fund.

### 3. Leikskólinn Ylur.

**a) Könnun á sumarleyfistíma.** Send voru út 15 bréf inn á heimili barna 12 mán og eldri. 4 af þeim börnum munu ekki vera í leikskólanum næsta ár. 7 svör bárust. 4 vilja 4 vikur í júlí, 1 frá 15. maí til 15. júní, 1 vorið eða haustið, 1 var alveg sama. Gefinn var kostur á tímabilinu 15. maí til 15. september. Umræðu og frekari úrvinnslu frestað til haustsins.

**b) Staða húsnæðismála .** Búið að taka þá ákvörðun í sveitastjórn að koma með hús inn á lóðina sunnan við viðbygguna með tengibyggingu við viðbygguna. Húsið er 4x8m eða u.þ.b. 32m<sup>2</sup>. Sveitastjóri tjáði leikskólustjóra að byggingin yrði til fyrir 1.júní en ekki er enn byrjað að vinna á lóðinni.

Skólanefnd óskar eftir frekari útskýringum á ákvörðun sveitastjórnar, að hunsa tillögu nefndarinnar um húsnæði leikskólans, án þess að óska eftri frekari útfærslum á hugmyndinni eða óska eftir annarri hugmynd, og ákveða án frekara samráðs við skólanefndina þá leið sem fara á. Það er ennþá trú og tillaga skólanefndar að farsælast sé að færa skrifstofu sveitafélagsins og nýta allt húsnæðið að Hlíðarvegi 6 undir leikskólann. Benda má á að nýta má betur annað húsnæði sveitafélagsins t.d. Múlaveg 1. Okkur finnst sá fyrirláttu að það sé hægt að selja þessa einingu aftur ekki vera það sem setja skal í forgang heldur velferð barnanna nú og til frambúðar. Eins það, að annars sé hætt á að ekki verði byggður nýr leikskóli við skólann, vera léttvæg rök í þessu máli sem snertir alla þætti sveitarfélagsins til frambúðar. Hefur sveitarstjórn sett það á fjárhagsáætlun að byggja nýjan leikskóla við grunnskólann? Telur sveitarstjórn að miðað við byggðarþróun síðustu ára sé líklegt að byggðu verði nýr leikskóla í náninni framtíð? Væri ekki betra að endurskipuleggja núverandi húsnæði sveitarfélagsins með betri nýtingu og hagræðingu að leiðarljósi í stað þess að hefja framkvæmd á „viðbyggingu“ á stöðuleyfi við núverandi leikskóla. Skólanefnd krefst þess að sveitastjórn leggi allt kapp á það að gera húsnæði fyrir leikskólann klárt fyrir 1.júní 2011.

**c) Gæsluvöllur.** Skólanefnd óskar eftir að skoðaður verði kostnaður við að halda úti gæsluvelli 3-4 tíma á dag á meðan á lokun leikskóla stendur.

Þóra vék af fundi. Sólveig Jónsdóttir kom inn á fundinn.

### 4. Önnur mál.

Sólveig sagði frá því að búið væri að ganga frá ráðningu stuðningsfulltrúa næsta vetur, Bjarni Páll væri búin að skila inn uppsagnarbréfi, búið sé að auglýsa stöðu íþróttakennara lausa og ein umsókn væri komin nú þegar. Umsóknarfrestur er til sunnudagins 15.maí.

Sigríður vék af fundi og fundarmenn lásu yfir fundargerð. Vegna þess hve langt var liðið á daginn var ákveðið að fundargerð yrði send fundarmönnum í dag og þeir geri athugasemdir sínar strax svo hægt verði að senda hana inn á funda sveitastjórnar fimmtudaginn 12.maí. Fundarmenn voru líka sammála um að halda næsta fund innan tíu daga.

Fundi slitið 17:50